

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa

Úrskurður uppkveðinn 15. júní 2022 í máli nr. 135/2021

Kærunefndina skipa í þessu máli Ívar Halldórsson lögfræðingur, Jón Rúnar Pálsson lögmaður og Víðir Smári Petersen dósent.

I

Aðild og kröfugerð

Þann 1. desember 2021 barst kærunefnd vöru- og þjónustukaupa beiðni um úrskurð nefndarinnar, hér eftir nefnd kvörtun, frá X, hér eftir sóknaraðili, vegna ágreinings í viðskiptum við fyrirtækið Y, hér eftir varnaraðili.

Sóknaraðili telur að varnaraðili hafi krafist of hárrar greiðslu fyrir þjónustu sína og krefst þess að reikningur verði lækkaður. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

II

Málsmeðferð hjá kærunefndinni

Með tölvubréfi, dags. 13. desember 2021, var varnaraðila gefinn kostur á að senda andsvör til nefndarinnar í samræmi við 2. mgr. 9. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa. Andsvör varnaraðila bárust þann sama dag. Athugasemdir sóknaraðila við andsvörum bárust til nefndarinnar þann 15. mars 2022. Kærunefndinni bárust ekki frekari athugasemdir.

Framlögð gögn í málinu eru auk kvörtunar, andsvara varnaraðila og athugasemda sóknaraðila, reikningur dags. 25. nóvember 2021.

Með bréfi, dags. 19. maí 2022, var aðilum tilkynnt að gagnaöflun væri lokið og kærunefndin hefði tekið málið til úrskurðar.

III

Málsatvik og ágreiningsefni

Í kvörtun kemur fram að sóknaraðili hafi leitað til varnaraðila varðandi kaup á nýjum vetrardekkjum á bifreið sína. Að sögn sóknaraðila hafi aðilar samið svo um að verð fyrir hvert dekk auk vinnu við dekkjaskipti yrði 28.000 krónur eða alls 112.000 krónur. Hafi sóknaraðili óskað eftir því að varnaraðili myndi senda reikning vegna kaupanna og þjónustunnar í heimabanka sóknaraðila. Hafi varnaraðili síðan krafist greiðslu að fjárhæð 138.799 krónur.

Sóknaraðili telur að krafa varnaraðila sé hærrí en um hafi verið samið og krefst þess að reikningur hans verði lækkaður. Varnaraðili krefst þess að kröfu sóknaraðila verði hafnað.

3.1. Sjónarmið sóknaraðila

Sóknaraðili ber því við að varnaraðili hafi ekki upplýst hann eftir kaupin um krafa hans yrði hærrí um hafi verið samið á fyrri stigum. Aðspurður hafi varnaraðili í fyrstu vísað til þess að fjárhæð kröfunnar hafi verið hærrí sökum kostnaðar við að stofna hana í heimabanka. Síðar hafi varnaraðili gefið þá skýringu að það verð sem hann nefndi upphaflega við sóknaraðila hafi verið án virðisaukaskatts. Hafi varnaraðili auk þess borið því við að framleiðandi dekkjanna hafi sent honum verð þeirra án virðisaukaskatts.

Sóknaraðili vísar til 32. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup þar sem segi eftirfarandi: „Í tilgreindu verði skulu innifalin öll opinber gjöld nema neytandi hafi sannarlega haft vitneskju um að þau væru það ekki“. Sóknaraðili bendir á að varnaraðili hafi ekki upplýst hann um uppgefið verð væri án virðisaukaskatts. Þá vísar sóknaraðili til 4. gr., 2. mgr. 6. gr., 3. mgr. 9. gr., 2. mgr. 31. gr. og 34. gr. sömu laga.

Sóknaraðili kveðst vilja greiða varnaraðila umsamið verð en varnaraðili hafi ekki fallist á það. Hafi sóknaraðili greitt reikning varnaraðila með fyrirvara um réttmæti hans.

3.2. Andsvör varnaraðila

Varnaraðili vísar til þess að útgefinn reikningur hans sé vegna kaupa á vetrardekkjum og þjónustu við skipti þeirra auk lögbundins virðisaukaskatts.

IV

Niðurstaða

Kærunefnd vöru- og þjónustukaupa starfar samkvæmt lögum nr. 81/2019 um úrskurðaraðila á sviði neytendamála og reglugerð nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru- og þjónustukaupa sem hvoru tveggja tóku gildi þann 1. janúar 2020.

Ágreiningur málsins varðar útgefinn reikning varnaraðila, dags. 25. nóvember 2021, að fjárhæð 138.399 krónur að meðtöldum virðisaukaskatti, vegna kaupa á fjórum vetrardekkjum og þjónustu við skipti á þeim í þágu sóknaraðila. Í málinu liggur ekki fyrir nánari sundurliðun á reikningi varnaraðila og ekki er greint á milli í reikningi verð fyrir hin keyptu dekk annars vegar og verð fyrir vinnu við dekkjaskiptin hins vegar. Á reikningnum kemur fram að virðisaukaskattur sé 26.786,88 krónur.

Sóknaraðili hefur krafist þess að varnaraðila verði gert að lækka greiðslukröfu sína sem nemur virðisaukaskatti á henni.

Samkvæmt 32. gr. laga nr. 42/2000 um þjónustukaup skulu í tilgreindu verði innifalin öll opinber gjöld nema neytandi hafi sannanlega haft vitneskju um að þau væru það ekki. Í athugasemdum með frumvarpi því er síðar varð að lögunum kemur fram að markmiðið með ákvæðinu sé að skylda seljendur þjónustu til að gera grein fyrir því ef virðisaukaskattur er ekki innifalinn í verði eða verðáætlun. Samkvæmt málatilbúnaði sóknaraðila upplýsti varnaraðila hann um að verð fyrir hvert dekk og vinnu við dekkjaskipti yrði 28.000 krónur, eða alls 112.000 krónur. Varnaraðili hefur ekki andmælt þeirri fullyrðingu og skoðast þetta því óumdeilt milli aðila. Þá hefur varnaraðili með engu móti sýnt fram á að sóknaraðili hafi verið upplýstur um að verðið væri án virðisaukaskatts.

Með vísan til 32. gr. laga nr. 42/2000 var sóknaraðila rétt að líta svo á að virðisaukaskattur hafi verið innifalinn í verðtilboðinu, og þar honum því að greiða 112.000 krónur fyrir þjónustu varnaraðila. Þar sem sóknaraðili greiddi 138.399 krónur ber varnaraðila að endurgreiða honum 26.399 krónur.

V

Úrskurðarorð

Varnaraðili, Y, endurgreiði sóknaraðila, X, 26.399 krónur.

Málskotsgjald að fjárhæð 5.000 krónur verður endurgreitt sóknaraðila samkvæmt a. lið 2. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Varnaraðila ber að greiða málskostnaðargjald að fjárhæð 35.000 krónur með vísan til 3. mgr. 13. gr. reglugerðar nr. 1177/2019 um kærunefnd vöru og þjónustukaupa.

Víðir Smári Petersen
formaður

Jón Rúnar Pálsson

Ívar Halldórsson